

Tungusilungur ehf
Strandgötu 39
460 Tálknafjörður

Reykjavík, 13. september 2019
UST201610-116/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 7. febrúar 2016 þar sem stofnunin áformaði að veita Tungusilungi ehf. áminningu vegna frávíks sem skráð var í eftirliti. Þann 11. júlí barst úrbótaáætlun rekstraraðila með tölvupósti sem stofnunin taldi fullnægjandi.

Frávikið er eftirfarandi:

1. Gr. 3.1 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Engin hreinsun er á frárennsli frá stöðinni. Lágmarkshreinsun á frárennsli er fyrsta þreps hreinsun, sbr. gr. 3.1. starfsleyfisskilyrða fyrir fiskeldi á landi. **Rekstraraðili hefur sent stofnuninni verkáætlun og teikningar af fyrirhugaðri framkvæmd þar sem útbúa skal hreinsun á frárennsli frá stöðinni. Samkvæmt verkáætluninni lýkur síðasta verkþætti í lok sumars 2020. Umhverfisstofnun fellst á áætlun rekstraraðila en mun taka úrbætur út í eftirliti.**


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **237.600 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt



Skúli Þórðarson
Sviðsstjóri



Frigg Thorlacius
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða